

Gleðilegt nýtt ár.

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 1. tbl. 11. árg. 23. janúar 2017

Myndir augnabliksins eru frá þorrablóti á Kiðagili.



Innritun í leikskóla 2017.

Foreldrum sem óska eftir leikskóla fyrir börn sín skólaárið 2017 - 2018 er bent á að mikilvægt er að skila inn umsókn um leikskóla fyrir 15. febrúar n.k. Hið sama gildir um foreldra sem óska eftir flutningi milli leikskóla fyrir börn sín. Umsóknum skal skilað á rafrænu formi. Innritunarbréf vegna leikskólainnritunar verða send á rafrænu formi í byrjun marsmánaðar. Gert er ráð fyrir að flest börn hefji aðlögun eftir að árgangur 2011 útskrifast úr leikskólunum þ.e. í ágúst mánuði 2017. Ef umsóknir um flutning berast eftir 15. febrúar er ekki hægt að tryggja að flutningur milli leikskóla geti átt sér stað fyrir komandi skólaár.

Einnig er mikilvægt að benda á að margir leikskólar fyllast strax á fyrstu dögum innritunar og sé umsóknum skilað eftir 15. febrúar, má allt eins búast við að innritun verði þá þegar lokið í þá leikskóla. Stefnt er að því að upplýsingar um innritun barna sem fædd eru fyrst á árinu 2016 liggi fyrir eigi síðar en í maímánuði.

<https://ak.esja.com/umsokn.php>

<https://ak.esja.com/flutningur.php>

Stjórnsýslubreytingar.

Nafni skóladeildar var þann 1. janúar 2017 breytt í fræðsluvið og á döfnni er að sérfræðipjónusta skóla sem verið hefur staðsett á fjölskyldudeild verður færð á fræðsluvið sem skólaþjónusta. Þetta þýðir að skólategymi fjölskyldudeildar flytur sig á næstu vikum um set innan

Glerárgötunnar og rennur saman við fræðsluviðið á 1. hæð. Nafni skólategymisins verður á sama tíma breytt í skólaþjónustu fræðsluviðs.

Loks eru á döfnni meiriháttar lagfæringar og breytingar á heimasíðu skóladeildar. Þær breytingar verða kynntar síðar.

Þetta er partur af tillögum stjórnsýslunefndar bæjarráðs um umbætur á stjórnsýslu bæjarins sem samþykkt var á fundi bæjarráðs 29. september sl. Markmið umbótanna er að laga stjórnsýslu bæjarins að breyttum tímum og ná fram aukinni skilvirkni til hagsbóta fyrir bæjarbúa. Stærsta breytingin sem verður vegna þessara stjórnsýsluumbóta er að stjórnsýslueiningum fækkar úr 14 í 12 auk þess sem nefndir verða sameinaðar.

Nánari upplýsingar: <http://www.akureyri.is/is/ibuagatt/frettir/stjornsysluumbaetur-hja-akureyriarbae>

Styrkur vegna forritunarverkefnis.

Norðurorka hf. veitti styrki til samfélagsverkefna 6. janúar sl. og fór afhending styrkjanna fram á Flugsafni Íslands. Alls voru veittir 45 styrkir til fjölbreyttra verkefna og fékk Íris Hrönn Kristinsdóttir sérfræðingur við MSHA styrk til að kaupa spjaldtölvur til að nota í forritunarverkefni með leikskólakennurum og nemendum þeirra. Með góðum stuðningi og velvild í samfélaginu bætist smám saman við græjurnar á snjallvagni MSHA.

Á næstunni verður boðið upp á snjallsmiðjur fyrir áhugasama og snjalla kennara til að prófa græjurnar, læra saman og skoða hvernig þær geta stutt við nám.



Maríuhæna í Síðuskóla.

Í janúar barst þessi fallega maríuhæna til skólans. Árvökull nemandi kom með hana en hún hafði borist til landsins með dönskum norðmannsþin sem er eitt algengasta jólatré landsins. Ekki varð maríuhænan langlíf í haldi og fór kennari með hana til Akureyraseturs Náttúrufræðistofnunar. Þar var staðfest að þessi tegund maríuhænu heitir sjódepla og er ein algengasta tegundin í Mið-Evrópu. Á fræðimáli kallast hún Coccinella septempunctata.

Hún hefur áður borist til landsins með varningi en ekki er vitað til þess að hún hafi numið hér land. Þetta er í fyrsta skipti sem þessi tegund finnst á Akureyri.

Nánar má fræðast um tegundina á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar:

<http://www.ni.is/biota/animalia/arthropoda/hexapoda/insecta/coleoptera/coccinellidae/sjodepla-coccinella>



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Árshátíð Oddeyrarskóla.

Árshátíð nemenda var haldin dagana 20. og 21. janúar.

Föstudaginn 20. janúar voru nemendasýningar en sýningar fyrir foreldra og aðra gesti voru á laugardegnum. Ákveðið var að fjölga sýningum úr tveimur í þrjár svo betur færi um gesti og fleiri kæmst að. Það var greinileg þörf á því þar sem allar sýningar voru vel sóttar.

Foreldrafélag skólans var með að venju með glæsilegt kaffihlaðborð milli sýninga. Ágóði af sölu veitinga rennur beint til foreldrafélagsins sem nýtir fjármagn sitt til að styðja við starf skólans.

Mikil og metnaðarfull vinna var lögð í undirbúning sýninga. Atriðin eru vel æfð og nemendur fóru á kostum. Nemendur 10. bekkjar nutu leikstjórnar Péturs Guðjónssonar og Jokku við uppsetningu á Ávaxtakörfunni.

Að loknum árshátíðardegi var svo árshátíðarball fyrir nemendur 7.—10. bekkjar og var aðsókn góð.



Jafnrétti í skólastarfi.

Árleg vörðástefna Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA) verður haldin 1. apríl 2017 og verður hún að þessu sinni haldin í samstarfi við Jafnréttisstofu. Þema ráðstefnunnar er jafnrétti í skólastarfi. Samkvæmt gildandi menntastefnu er markmið jafnréttismenntunar að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í fjálsú samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Efni ráðstefnunnar er sniðið að leik-, grunn-, framhalds- og háskólum.

Auglýst er eftir erindum og smiðjum á málstofur frá leik-, grunn-, framhalds- og háskólakennurum, náms- og kennsluráðgjöfum, skólastjórnendum og öðrum áhugasömum aðilum um efni ráðstefnunnar.

Allar nánari upplýsingar veitir Sólveig Zophoníasdóttir, sími 460 8564, netfang: sz@unak.is.

Styrkur frá Norðurorku vegna forvarnarverkefnis í 8. bekk.

Þuríður Lilja Rósinsbergsdóttir námsráðgjafi Oddeyrarskóla hlaut á dögum styrk frá Norðurorku vegna verkefnis sem hún er að fara af stað með í 8. bekk. Hún vinnur það ásamt kennurum bekkjarins, Maríu Aðalsteinsdóttur og Hrafnhildi Guðjónsdóttur. Auk þess hefur hún fengið mikilvægan liðstyrk Sigríðar Þórisdóttur kennara og sálfræðings. Verkefnið hefur skammstöfunina DAM, en það snýst í meginráttum um að vinna með streituþol, samskiptahæfni, núvitund og tilfinningastjórn. Þessi hugmyndafræði hefur lengi verið notuð sem meðferðarúrræði hjá börnum með þunglyndis eða sjálfsskaðandi hegðun, en hefur á síðustu misserum verið aðlöguð og nýtt í forvarnarskyni í bandarískum skólum. Nýlega var gefið út námsefni á ensku sem tengist efninu og gott er að styðjast við.

Sigríður Þórisdóttir er búsett í Bandaríkjunum og þekkir DAM mjög vel. Þuríður námsráðgjafi sótti námskeið hjá henni síðastliðinn vetur og í kjölfarið varð til samstarf um verkefnið. Sigríður bauð fram krafta sína í vinnuna og vinnur hún með nemendum í janúar og svo aftur í apríl/ maí. Nýttar verða tvær kennslustundir á viku frá janúar og fram í maí í verkefnið. Nemendur 8. bekkjar svöruðu matslistum í upphafi verkefnisins og munu síðan svara við lok vinnunnar til að leitast við að meta þætti sem vinnan skilar.

Styrkurinn verður nýttur til að styðja við fræðsluna. Í síðustu viku var foreldrum nemenda í 8. bekk boðið til fundar þar sem verkefnið var kynnt. Sjá á heimasíðu Oddreyrarskóla: <http://oddeyrarskoli.is/>

Þorrablot á Tröllaborgum.

Föstudaginn 20. janúar var haldið upp á Þorran. Börnin buðu pöbbum, öfum eða frændum í morgunmat og á boðstólnum var hafragrautur og slátur. Eftir það hittust allar deildir í Vinastund á Völlum þar sem rétt var um gamla tímann. Í hádeginu var svo þorraveisla með öllu tilheyrandi.

